

Fundur SKRR þann 8. desember 2014

ÍSí fundarsalur A, Engjavegi 6 Reykjavík

Fundur settur: kl. 17.30

Mættir: Benedikt Geirsson (formaður), Runólfur Geir Benediktsson (Fram), Þóroddur Þóroddsson (Ullur), Emilía Blöndal (Víkingur), Hallgrímur Davíð Björnsson (Breiðablik), Guðmundur Guðjónsson (KR) og Sigrún Inga Kristinsdóttir (ÍR).

Fundaritari: Runólfur Geir Benediktsson

Dagskráliðir:

1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt án breytinga.

2. Reykjavík International Games (RIG)

- Fulltrúar SKRR fóru á fund með Kjartani sem hefur með umsjón RIG að gera. Niðurstaða þess fundar var sú að hvorki alpagreinar né skíðaganga munu verða með á þessum leikum en skoðað verður með þátttöku að ári.
- Skíðaiðkendur verða þó með sína fulltrúa á RIG þar sem haldið verður bæði skíða-at og bretta-at. Viðburðurinn verður haldinn í Bláfjöllum þar sem Breiðablik verður framkvæmdaaðili en Skíðasambandið ábyrgðaraðili.

3. Fundur með stjórn skíðasvæðanna

- Formaður hefur verið í sambandi við Ómar hjá ÍTR varðandi fund með stjórn skíðasvæðanna. Stefnt er að halda fundinn í næstu viku og gert er ráð fyrir að öll stjórn skíðasvæðanna mæti en hún er skipuð nýjum stjórnarmönnum fyrir utan Evu formanns.

4. Mótahald

- Formaður óskar eftir því að mótanefnd haldi fundargerð sem verður send á SKRR að fundum loknum.
- UMI
 - Tekin var ákvörðun á síðasta fundi mótanefndar að hvert félag tilnefni 2 aðila sem fara í undirbúningsnefnd mótsins.
 - Engar tilnefningar hafa borist Auðun mótastjóra. Guðmundur formaður mótanefndar mun ýta á eftir þessum tilnefningum.
- Reykjavíkurmótin
 - Stefnt er að því að ákveða fljótlega hver verður mótsstjóri í þessum mótum til að auðvelda eftirfylgni.
 - Guðmundur mun senda á Magnús framkvæmdastjóra skíðasvæðanna yfirlit móta sem fram fara í Bláfjöllum nú í vetur til að starfsmenn séu full meðvitaðir um mót vetrarins.
 - SKRR þarf að fá yfirlit yfir þann búnað sem skíðasvæðin eiga sem hægt er að nota í mótahald.
 - Öryggisnet
 - Start og mark

- Fánaborgir
- Stangir

5. Önnur mál

- Mótahaldsnámskeið var haldið síðastliðna helgi og voru þátttakendur um 16 talsins. Öll skíðafélög í SKRR sendu fulltrúa og var námskeiði vel heppnað.
- Eftirlitsmannanámskeið var haldið í framhaldi af mótahaldsnámskeiðinu. Þátttakendur voru um 12 og var ágætlega farið í gegnum störf eftirlitsmanna. Þeir sem hafa áhuga á að verða virkir eftirlitsmenn hér á landi þurfa að óska eftir því að fá að fylgjast með eftirlitsmönnum í mótum. Þegar búið er að taka þátt í þeirri vinnu þá er hægt að óska eftir því að verða virkur eftirlitsmaður.
- Þjálfaranámskeið I verður haldið á Akureyri samkvæmt áætlun en tilkynnt hefur verið að skráning hefur verið lítil. Aðeins voru 3 búnir að skrá sig en það þarf að lágmarki 8 til að halda námskeiðið.
 - Við teljum að ein ástæðan fyrir lítilli skráningu sé sú að tímasetningin sé óheppileg þar sem nú eru margir í próflestri sem gætu haft áhuga á námskeiðinu. Við óskum eftir því að námskeiðinu verði flutt yfir á nýtt ár og gerum ráð fyrir að skráningin verði betri þá.
- Formaður fær heimild til þess að gefa Gísla Reynissyni grænt ljós á að setja upp nýju heimasíðuna sem hann var búinn að kynna okkur.

Fundi var slitið kl. 19.00